

Fundargerð 60. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn 22. júní 2011, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins, að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir: Vilhjálmur H. Vilhjálmsson,  
Árni Sigfússon,  
Berglind Kristinsdóttir,  
Inga Sólnes  
Reynir Ólafsson,  
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri  
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.framkv.stjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. *Fundargerð síðasta fundar*  
Borin upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. *Háskólavellir - Endurskipulagning*  
Framkvæmdastjóri kynnti málið fyrir stjórn og var það rætt ítarlega. Stjórn gaf framkvæmdastjóra og stjórnarformanni umboð til að undirrita viljayfirlýsingu að lokinni kynningu inni í fjármálaráðuneyti.
3. *Færsla girðingar*  
Kynnt var fyrir stjórn niðurstöður útboðs vegna vegalagningar við færslu öryggisgirðingar vestur fyrir Þjóðbraut sem skilur að öryggissvæði B og svæði C sem er á höndum Þróunarfélagsins. Stjórn samþykkir að taka lágsta tilboðinu.
4. *Samstarf um uppbyggingu jarðvarmaklasa*  
Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn drög að þjónustusamningi við Gekon ehf. um samstarf um uppbyggingu íslensks jarðvarmaklasa og framkvæmdastjóra veitt umboð til að ganga frá málinu.
5. *Önnur mál*

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Næsti fundur er áætlaður fimmtudaginn 11.ágúst kl. 12.00

